

## Ræða Stefáns Jónssonar á Austurvelli 29. nóv 2008

Góðir Íslendingar.

Við höfum verið beðin um að vera ekki reið, við eigum að vera róleg, við eigum að sýna stjórnvöldum skilning og traust meðan mesti stormurinn gengur yfir og björgunarsveit brennuvarga reynir að tjóðra það niður sem ekki er þegar fokið út í veður og vind í skjóli bankaleyndar. Af aumingjagæsku segjast ráðamenn skilja að við séum reið en með yfirlæti og hroka ætla þau að sitja sem lengst.

Ingibjörg Sólrún tilkynnti okkur á borgarafundi að við værum ekki þjóðin. Hún sagði á öðrum stað að nú væri staðan bara þannig að það væri nauðsynlegt að taka hagsmuni fólks fram yfir flokka. Segir þetta ekki allt um hugsunarháttinn í íslenskri pólitík? Eiga flokkar ekki alltaf að snúast um fólk en ekki sérhagsmunapólitík? Meingallað og úrsérgengið kosningakerfi er þannig úr garði gert að við getum ekki kosið hæfasta fólkið. Spilltir stjórnámálamenn hafa skrumskælt hugsjónir og forgangsröð. Lýðræðið er orðið óbeint og óhreint.

Því ætlum við nú að breyta, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þeir skyldu hætta að gera lítið úr allsgáðum tilfinningum þjóðarinnar, það er meira vit í reiði okkar en því lyfjamóki stjórnvalda sem hefur knésett landið okkar. Enginn segir af sér eða sýnir þann manndóm að biðjast afsökunar. Það er bent á aðra sökudólg, útlendinga og dularfull náttúruöfl. Þeir segjast vera máttlítil fórnarlömb en ekki einbeittir vitorðsmenn. Það er togstreita í því fólgin að vera uppá óreiðufólkið komin, eins og að þiggja hjálp í viðlögum frá sofandi manni. Ríkisstjórnin er rúin trausti, sérstaklega sá flokkur sem skrifaði upphaflega handritið, hannaði leikmyndina og leikstýrði þessu ömurlega leikriti. Það er engin afsökun að þetta sé erlend hugmynd. Það er auðvelt að kenna öðrum um þegar sýningin floppar, rétt eins og það var haghvæmt að eigna sér höfundaréttinn á góðærinu. Íslensk stjórnvöld réðu hvernig staðið var að uppsetningu útrásarspilsins og klúðruðu því. Enda eru foringjarnir, Davíð og co. kallaðir amatörar og fúskarar í erlendum miðlum. Þeir voru margoft varaðir við en voru svo fullir, af góðæri, að þeir heyrðu ekki. Samfylkingin, hin nýja kærasta Sjálfstæðisflokksins hefur líka misst heyrnina. Íslenskir fjölmiðlar voru hlandvolgir og hressir á kantinum meðan á veislunni stóð.

En nú erum við kvött til að standa saman, stjórn og stjórnarandstaða, allir að vinna saman til að redda málunum. Nú er gott fyrir gamla settið að eiga gömul gildi í geymslunni, kristilegu kærleiksplastblómin eru dregin rykug fram. Vissulega hefur maður samúð með aumingjans fólkinu í brúnni, en ég get ekki að því gert að ég efast um heilindin. Sérstaklega þegar haft er í huga að alltof margir um borði þessum draugadalli hafa gefið sig höfuðsyndunum á vald. Þaðer auðvitað ekkert skritið, þegar allt er farið til fjandans, að spilað sé innágildin sem hafa með samstöðu, jafnrétti og bræðralag að gera. Þegar gefur á bátinn skipta þau nefnilega mestu máli. Nú finnum við hvaða stofnanir og stéttir eru máttarstólpar þjóðfélagsins, hvað það er gott að frjálshyggjan sé ekki búin að ganga að öllu dauðu, búið að einkavæða allt og selja á vörotorgi hákarlakapítalisma. Nú er semsagt samstaða fólksins aftur komin í tísku.

En við vitum að undir yfirborðinu er iðandi ormagryfja, spilltar valdaklíkur berast á banaspjótum því

öldin er úr liði. Flokkar, sem nota valdið eins og heroín láta það ekki af hendi, jafnvel ekki eftir skandal eins og þennan. Þegar hægist um verður haldið áfram niður blindgötuna. Það hefur aldrei verið í tísku að axla ábyrgð í íslenskri pólitík. Örvæntingarfull Framsókn hefur reyndar látið trúðinn fara, hann er nú kóngur á Klörubar, annar var staðinn að verki við tilraun til að gagnrýna flokksforystuna. Hann sagði af sér enda eðlilegt að illa gangi að segja sannleikann í kerfi þar sem það er ekki vaninn. Eftir stendur þó að gagnrýnin var réttmæt og aðkallandi. Valgerður á nefnilega sinn þátt í drekkingu Íslands. Enginn blaðamaður virtist þó hafa áhuga á að spyrja Valgerði um innihald bréfsins sem lak út. Það er líka aukaatriði enda miklu merkilegri frétt á Íslandi að stjórnmalamaður segi af sér en að stjórnmalamaður sökkti landi. Og fjölmiðlar bregðast enn eina ferðina í aðhaldshlutverki sínu og svamla í yfirborðinu. Erlenda pressan fjallar betur um ástand mála á Íslandi.

Unggæðishátturinn hér verður óþægilega sýnilegur þegar kastljós umheimsins beinist að skerinu. Við sem gátum farið okkar fram, árum saman í öruggri fjarlægð, enginn að spá í hvað hér gengi á, fyrr en við gösluðumst inní fullorðins matarboðið með matadorpeningana okkar, rígmontnir útrásarvíkingar sem vildu hoppa í polla í útlöndum, lögðu landið okkar undir í fjárhættuspílinu og höfðu leyfisbréf til þess frá ríkistjórn Íslands.

Viðvaningar í stjórnmalum þrífast vel á Íslandi því við leyfum þeim að komast upp með bullið og spillinguna og við kjósum þá sofandi, aftur og aftur. Hvolparnir eru teknir inní flokkamaskínurnar strax eftir sigur í ræðukeppnum framhaldsskólanna, hitaðir upp í stúdentapólitík og svo settir í stöður. Reynt er að gæta þess í lengstu lög að ekki ráðist fólk í æðstu stöður sem hafi öðlast víðsýni og reynslu í stærra samhengi en því íslenska, því það hentar illa hugmyndaheimi sveitamanna að hleypa heimdraganum og öðlast skilning á lífi þjóða annars staðar, en í túninu heima. Fólk missir líka plássíð sitt í goggunarröð flokksins ef það eyðir dýrmætum tíma í útlöndum. Samt ætluðum við okkur í Öryggisráðið, sem var jafn mikið oflæti eins og þetta með fjármálamiðstöð heimsins. Hvað ætluðum við að gera í öryggisráðinu? Sjálfsagt bara að komast í gott party með stóru strákunum. Því við þessi staðfasta þjóð og taglhnýtingar Bandaríkjanna höfum með markvissum hætti verið að glopra niður öllu því sem getur talist mótvægi við græðgisvæðingu heimsins. Íslendingar sem gætu í raun og sann orðið fyrirmynd í umverfisvernd og miðstöð friðarbaráttu í heimi 21. aldar. Og gleymum ekki Írak. Gleymum því ekki, nú þegar okkur er sagt að rangt sé að benda á sökudólga, að þetta verði allt gert upp í hvítþvottabókinni, gleymum þá ekki að þegar loksins mátti spyrja um hver hefði ákveðið fyrir okkur að fara í stríð, þá var okkur svarað að þetta væri liðin tíð og engin ástæða til að velta sér uppúr fortíðinni.

Mun það ekki verða raunin á ný þegar kreppuöldurnar lægir og spurt verður um hverjir eigi að svara til saka í þessu tilræði við Ísland? Óreglufólk vill nefnilega ekki horfast í augu við afleiðingar gjörða sinna. Það berst á hæl og hnakka í afneitun og réttlætingu, það kennir öðrum um óhamingjuna og spjöllin sem það veldur. Og sjúk fjölshylda og meðvirk kyngir yfirleitt bullinu, heldur að þetta reddist og gerist ekki aftur, enda lofar fyllibyttnu öllu fögru. Það mun líka gerast hér ef við látum það viðgangast. Það er svo sannarlega kominn tími til að hugsa hlutina uppá nýtt. Það þarf að grysja flokkana rækilega og henda þeim ónothæfu. Út með þá sem hafa ekkert til að bera nema heimskuna og flokksskírteinin. Sköpum nýtt afl þar sem við teflum framsérfræðingum og víðsýnum einstaklingum, sem við lesungreinar eftir í blöðum og skiljum ekki af hverju eru ekki í fremstu víglínu.

Og grafískur hönnuður góðærisins, Sjálfstæðisflokkurinn, þarf að fara á Vog og líklega á Staðarfell líka. Í þeim flokki er dæmigerð dysfunksjón í gangi, sem þau kalla einingu en er ekki annað en afneitun og þöggun óánægjuradda. Forsætisráðherra segir engan kloffning vera þegar allt annað blasir við. Það er grátið og menn missa sig yfir fjölskylduföðurnum Davíð á lokuðum fundum en fyllast svo skömm og hlaða hann lofi daginn eftir í fjölmiðlum. Óttinn í goggunarröðinni er mikill. Ég segi við Sjálfstæðismenn: Ekki vera hrædd við Davíð, hann er bara maður. Ekki vera hrædd um hvað skifað er um ykkur í svartar minnisbækur flokksins. Byggið ekki sjálfsmýnd ykkar á flokksskírteinum. Veriði sjálfstætt fólk, ekki rolluhjörð. Breiskleiki Davíðs hefur aldrei verið ljósari umheiminum og hans pólitíska grafskrift verður því miður heldur verri en þegar hann settist á friðarstólinn í Seðlabankanum. Það er hlegið að okkur útum allan heim og fólki óskiljanlegt hvernig hann og þessi óstjórn fá áfram að sitja. Við nenum ekki að horfa uppá þennan skrípaleik. Evrópumálin eru nú komin í Setjum-málið-í-nefnd leikinn fram að landsfundi, bara til að Flokkurinn geti haldið andlitinu, hysjað uppum sig og þjóðin á að bíða spennt þangað til. En leikritið er búið. Tjaldið er fallið. Við viljum nýjar leikreglur sem byggja á þörfum venjulegs fólks en ekki hagsmunum pókerspilara. Við viljum lýðræði.

Íslendingar mega hundar heita ef við leyfum öflunum sem kipptu undan okkur fótunum og eyðilögðu orðstír landsins að halda áfram óáreitt. Fólkið sem knésetti land sitt sýnir enga iðrun, segir ekki af sér, heldur áfram að plotta, setja sitt fólk í ný bankaráð samkvæmt spilltri hefð. Þau vita og kunna ekki betur. Og svo er reynt að gera okkur samábyrg fyrir vitleysunni. Ég tók ekki þátt í þessu partýi. Ég fjallaði reyndar um það í leikhúsinu, t.d. í Túskildingsóperunni. Þar spyr aðalbófinn, Makki hnífur, hver sé munurinn á að eiga banka eða ræna banka. Ég fæ ekki ofurlaun fyrir mína vinnu. Ekki frekar en aðrir óbreyttir Íslendingar, sem kynda þennan ofn. Og engu fékk ég góðærisvexti í bankanum eða betri kjör. Reyndar fékk ég pottaleppa í jólagjöf frá Landsbankanum. Þeir hafa reynst vel þótt þeir dugi því miður ekki til að slökkva þá elda sem fjárglæframennirnir hafa kveikt í skjóli íslenskra stjórnvalda. Og nú standa hinir glæsilegu bankar eftir eins og ömurlegar amfetamínverksmiðjur í Austurstræti og Borgartúni. Látum ekki jakkafötin þeirra og draktirnar villa okkur sýn. Þeir hafa skilið eftir sig sviðna jörð og það er í okkar valdi að losa Ísland við óværuna í eitt skipti fyrir öll. Mannskepnan er ekki góð í að læra af reynslunni, græðgin er söm við sig undir jökli og þegar maður heyrir af hugsanlegri olú við Íslandsstrendur, þá bara svitnar maður. Nú hugsa olúkvótakóngar sér gott til glóðarinnar.

Við getum breytt áherslum ef við viljum og þorum. Við getum skapað nýtt Ísland. Í Austurstæti blasa við okkur ljósmyndir af æsku landsins. Æskan sem skuldir á að erfa. Ljómandi andlit þeirra eiga að draga athygli vegfarenda frá brunarústum og skeytingarleysi fortíðarinnar. Er ekki kominn tími til að við sýnum börnunum okkar meiri virðingu, þrífum upp eftir okkur skítinn og reynum að bjóða þeim betri framtíð?

Stefán Jónsson, leikstjóri.